

## 4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

## 5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, rækja 1.00, humar (slitinn) 9.80, hörpudiskur 0.40, síld 0.10, loðna 0.07.

## 6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

**um greiðslu gjalds skv. 6. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum fiskveiðiárið 1996/1997.**

## 1. gr.

Útgerðir fiskiskipa er hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskiskip er fá úthlutað aflamarki 1. september 1996 skulu greiða gjald er nemur 1090 krónum -Eittþúsundogníutíu 00/100 krónur- á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum þann 1. september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997. Fiskiskip er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslíð þessarar greinar. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi falla 2/3 hlutar gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu greiðast 1. maí 1997. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fellur allt gjaldið í gjalddaga við úthlutun.

Fiskiskip er stunda veiðar með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatkmörkunum skulu greiða 1090 kr. á hverja landaða þorskígildislest, miðað við verðmæta-  
stuðla skv. 3. gr., af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1995/1996 og  
viðkomandi bátur landaði á tímabilinu 1. ágúst 1995 til 31. júlí 1996 eins og aflinn er skráður  
í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum 1.  
september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997.

#### 2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann  
bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips  
niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef  
ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

#### 3. gr.

Við útreikning þorskígilda við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi  
verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20,  
steinbítur 0.70, langlúra 1.50, loðna 0.07, síld 0.10, humar (slitinn) 9.80, rækja 1.00 og  
hörpudiskur 0.40.

#### 4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir útgerð fiskiskips reikning vegna gjalds  
þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. l. 92/1994 um  
Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðsins. Ennfremur skal koma fram  
úthlutað aflamark eða viðmiðunaraflí viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildislest, heildar-  
fjárhæð gjaldsins, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri bankareikn-  
ings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað aflamark verði ekki  
nýtt. Útgerð fiskiskips er gjaldskyld vegna úthlutaðs aflamarks þótt aflamark verði framselt á  
annað fiskiskip.

#### 5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu  
og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er,  
þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu  
samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð  
þessari.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávar-  
útvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi .

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.